

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Margar hendur vinna létt verk

Skýrsla umdæmisfóhirðis flutt á umdæmisstjórnarfundi í Reykjanesbæ 17.mars 2012

Ýmislegt hefur gerst síðan við hittumst á umdæmisstjórnarfundi í Kiwanishúsinu við Engjateig það hús er ekki lengur okkar. Huga þarf vel að því hvað skal gera við þá fjármuni sem við eigum eftir þá sölu svo þeir gufi ekki upp. Leiga á bílskúr sem hýsir okkar muni kosta sitt. Þurfum við að vanda okkur í þessu máli svo þessi sjóður hverfi ekki til annarra verka, því jú við þurfum að hafa samastað. Það er allavega mín skoðun.

Innheimta innlendra og erlendra gjalda:

Aðeins einn klúbbur á eftir að greiða reikinginn fyrir fyrri hluta (60%) og Kiwanisfréttir og er það einum klúbbi of mikið.

Reikningar fyrir seinni hluta (40%) innlendra gjalda verða sendir til klúbbana eftir mánaðamót.

Reikningar miðast við félagafjölda 31.mars og eindagi er 31.maí. Veit ég að menn verða snöggir til að greiða þessi 40%. Mér finnst þurfa að breyta dagsetningum vegna 40% gjaldanna. Sú greiðsla er miðuð við félagsfjölda 31.mars með gjaldaga daginn eftir eða 1.apríl, reyndar eindagi 1.maí. Mér finnst að gjaldaginn ætti að vera 10. eða 15.apríl. Alltaf leiðinlegt þegar gjalddagi er áður en seðlar eru sendir til innheimtu. Síðan munu þinggjöldin verða innheimt í gegnum heimabanka eins og umdæmisgjöldin og er það mín trú að það muni skila sér betur en oft áður.

Ekki hefur gengið eins vel að fá erlendu gjöldin greidd. Er þar helsti skaðvaldurinn innheimtuformið.

Reikningar vegna þeirra koma erlendis frá og eru sendir einhverra hluta vegna til ritara en ekki féhirða/gjaldkera. Stundum fara þeir til ritara sem var fyrir 2-3 árum og skila sér illa til réttara aðila.

Ekki er hægt að setja þetta í gegnum heimabanka. Tel ég að þarna verði að finnast einhver einfaldari lausn. Einnig hefur dagsetning eindaga breyst frá 1.janúar í 15.desember, þessu þarf að breyta frá þeim fræðslugögnum sem ég hafði.

Svo verða klúbbar að passa upp á **félagatalið**. Menn verða að færa þar inn og færa rétt rétt svo við þurfum ekki að vera að fá breytingar í gegn eftir á hjá þeim úti og einnig hjá okkur vegna umdæmisgjalda.

Það kostar óþarfa vinnu hjá okkur hinum.

Uppgjör:

Uppgjör fyrir október, nóvember og desember 2011 liggur fyrir. Allir reikningar eru í skilum. Ekki er nú mikið að marka þessar tölur fyrir fyrstu þrjá mánuðina.

Ragnar og Hjördís hafa séð til þess að maður hefur þurft að ausa í þau seðlum undanfarið, jú þau þurfa víst að fara til Bergen á evrópuþing og síðan til New Orleans á heimsping.

Tölur á tjaldi.

Hefur mér stundum þótt erfitt að fara eftir fjárhagsáætlun þar sem mér þykir sumir hlutir ekki með raunhæfar tölur, sumt of lágt og annað of hátt.

Einnig þykir mér svolítið undarlegt að ekki skuli verið haft samband við umdæmisfóhirðir vegna áætlunar fyrir næstu stjórn. Hann hefur kannski eitthvað misgáfulegt til málanna að leggja.

Umdæmisfóhirðir

District Treasurer

Birgir Sveinsson

Hs 481-2666 Gsm 897-6665

Netfang: umdaemisfehirdir@kiwanis.is

Kiwanisklúbburinn Helgafell

